

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**5. fundur 2017 (70. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 02.06.2017 kl. 10:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

|                           |                           |
|---------------------------|---------------------------|
| Guðmundur Björnsson       | formaður skipulagsnefndar |
| Einar Jón Pálsson         | skipulagsnefnd            |
| Guðlaugur H. Sigurjónsson | "                         |
| Sigurður Thoroddsen       | "                         |
| Steinþór Einarsson        | "                         |
| Kristinn Halldórsson      | "                         |
| Eiríkur Bjarnason         | ritari skipulagsnefndar   |
| Sveinn Valdimarsson       | skipulagsfulltrúi         |
| Jón B. Guðnason           | Landhelgisgæslan          |

**1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – staða mála**

Formaður skipulagsnefndarinnar fór yfir stöðu mála, sem hefur lítið breyst frá síðasta fundi nefndarinnar. Lagt var fram erindi umhverfis- og auðlindráðuneytisins, dags. 5. maí 2017, þar sem tilkynnt var að afgreiðsla ráðuneytisins á aðalskipulaginu hefði tafist og áætlað sé að afgreiða málið fyrir 31. maí n.k. Nýjustu tíðindi úr ráðuneytinu eru að skipulagið verði afgreitt fyrir lok júní.

Formaður mun kanna málið nánar í ráðuneytinu auk þess sem aðrar leiðir verða farnar í gegnum Landhelgisgæsluna og Isavia.

**2. Deiliskipulag vegar milli flughlaða – afgreiðsla eftir auglýsingu**

Samkvæmt ákvörðun skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar var deiliskipulag vegar milli flughlaða auglýst í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar þar um. Erindi barst frá Landhelgisgæslunni, dags. 25.04.2017, þar sem bent er á nálægð vegarins við olíulögn. Enn fremur barst erindi frá Olíudreifingu, dags. 17. maí 2017, þar sem bent er á nálægð vegarins við olíulögnina. Olíudreifing gerir síðan athugasemd við legu vegarins syðst við Háaleitishlað og leggur til breytingu á legu hans þar.

Með hliðsjón af hlutverki vegarins í skipulagi flugvallarins telur skipulagsnefndin heppilegra að halda legu vegarins óbreyttri eins og hún er sýnd í skipulagstillögunni. Skipulagsnefndin samþykkti því skipulagstillöguna óbreytta.

**3. Framkvæmdaleyfi fyrir veg milli flughlaða (sjá lið 2.)**

Frestað

**4. Deiliskipulagsbreyting Fálkavöllur 1 - grenndarkynning**

Frestað

**5. Framkvæmdaleyfi. Landmótun 140.000m<sup>3</sup>**

Isavia sendi fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um matsskyldu á flutningi 140.000 m<sup>3</sup> efnis til landmótunar milli flugbrauta og Reykjanesbrautar. Fyrir lágu jákvæðar umsagnir Sandgerðisbæjar, dags. 10.04.2017, og Sveitarfélagsins Garðs, dags. 10.04.2017, um framkvæmdina og umsögn barst frá Reykjanesbæ, dags. 26.04.2017, þar sem lögð var áhersla á að tryggt verði að ekki verði moldrok af framkvæmdinni eða önnur mengun.

Með bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 12. maí 2017, var tilkynnt að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsnefndin samþykkti framkvæmdaleyfið, en framkvæmdin er í samræmi við skipulag og niðurstöðu Skipulagsstofnunar um að hún er ekki matsskyld.

**6. Fálkavöllur 7 – fyrirspurn vegna stöðuleyfis fyrir kæligám**

Wow air með samþykki lóðarhafans REA sækir um stöðuleyfi fyrir kæligám fram á næsta haust. Skipulagsnefndin samþykkti stöðuleyfið til ársloka.

Sigurður Thoroddsen sat hjá við afgreiðslu málsins.

**7. Fálkavöllur 17 – fyrirspurn vegna stöðuleyfis fyrir gáma**

IGS sækir um stöðuleyfi fyrir 8 gáma til loka október 2017. Skipulagsnefndin samþykkti stöðuleyfið. Sigurður Thoroddsen sat hjá við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefndin áréttar að ef horft er til lengri tíma þá þurfi að koma umsókn um breytingu á deiliskipulagi frekar en umsókn um stöðuleyfi.

**8. Framkvæmdaleyfi fyrir stækkun á bílastæði P3**

Isavia, dags. 31.05.2017, sækir um framkvæmdaleyfi vegna stækkunar á bílastæði P3 til austurs. Framkvæmdin er í flokki C og matsskylda afgreiðist af sveitarstjórn. Samkvæmt niðurstöðu athugunar á framlögðu eyðublaði og sniðmáti telst framkvæmdin ekki matsskyld.

Framkvæmdin er í samræmi við skipulag og er ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsnefndin samþykkti framkvæmdaleyfið. Ekki skal gera ráð fyrir neinum stórum jarðvegsmönnum við bílastæðið og þarf því að koma umframefni fyrir á viðurkenndum jarðvegsglossunarstað.

**9. Deiliskipulag Hálaleitishlaði**

Málið rætt í framhaldi af umræðu og bókun á síðasta fundi skipulagsnefndarinnar.

**10. Uppdráttur sem sýnir gildandi deiliskipulag á flugstöðvarsvæði**

Sigurður Thoroddsen ræddi þörfina á að til væri hverju sinni uppdráttur sem sýndi gildandi deiliskipulag flugstöðvarsvæðisins með öllum áorðnum breytingum. Fram kom að með samþykkt nýs deiliskipulags alls svæðisins á næstunni sem verður á rafrænum grunni verði auðvelt að sinna þessu verkefni.

## **11. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður fimmtudaginn 29.06.2017 kl. 10 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

[https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/\\_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx](https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx)